

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 4. júní 2013
Tilvísun: UST20130400109/ksj

Frekari umsögn Umhverfisstofnunar vegna viðbragða framkvæmdaraðila akstursæfingasvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 28. maí sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar við viðbrögðum framkvæmdaraðila aksturskennslusvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur við umsögn Umhverfisstofnunar dags. 17. maí sl. um tilkynningu framkvæmdar.

Umhverfisstofnun áréttar að allt nútímahraun nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, hvort sem það er mosavaxið eða ekki. Rask fer illa með mosavaxið hraun og mosagróður lengi að jafna sig eftir rask. Umhverfisstofnun bendir aftur á að ökugerði Ökukennarafélags Íslands mun skv. uppdráttum er fylgdu tilkynningu framkvæmdar vera reist á öröskuðu svæði eldhrauns sem er gegnt Litlu kaffistofunni.

Að mati Umhverfisstofnunar eru endurobrautir varanlegar brautir til jafns við göngu-, hjóla- og reiðstíga enda eru þær a.m.k. 2-3 m breiðar skv. upplýsingum framkvæmdaaðila. Stofnunin telur að ofangreindir brautir hafi átt að vera merktar á sama hátt og aðrir stígar í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þó lokað sé fyrir brautir og þær græddar upp, þá hefur orðið röskun með brautunum. Mikilvægt er að staðinn sé vörður um bann við akstri utan vega. Umhverfisstofnun bendir á að á Íslandi má finna ævafornar götur er hafa mótast við umferð fólks og fénaðar um landið. Með hliðsjón af því hversu lengi slíkar götur hafa varðveist má fullyrða að öllu óbreyttu verði endurobrautir sýnilegar næsta árpúsundið a.m.k. og ættu því að teljast varanlegar.

Á skipulagsvefsjá á vef Skipulagsstofnunar sést að meðfram vegi er liggur inn í Jósefsdal eru brautir sitt hvoru megin við veginn, báðar í miklum hlykkjum og sú vestari fer upp í hlíðarfót Vífilfells. Að mati Umhverfisstofnunar hefði deiliskipulag þurft að liggja fyrir áður en farið var í þá brautagerð sem lýst er hér að ofan. Í viðbrögðum frá framkvæmdaraðila kemur fram að endurobrautir hafi verið lagðar með tilliti til sem minnstrar sjónmengunar, jarðrofs og uppblásturs. Ekki kemur fram að hvers konar mat fór fram fyrir gerð þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar hefði þurft að tilkynna framkvæmdina og deiliskipuleggja þegar í upphafi eins og áður er sagt, og framkvæmdin metin á áætlunarstigi. Það kemur á óvart að

fram kemur hjá framkvæmdaaðila að jafna eigi bílastæði hið fyrsta, þar sem svæðið hefur verið í notkun frá 2006. Í viðbrögðum framkvæmdaaðila kemur fram að VÍK leggi metnað sinn í að bera áburð og fræ í gróðurlaus svæði umhverfis brautirnar. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram hvernig frætegundir eru valdar svo þær falli að þeim gróðri sem finnst á svæðinu. Í viðbrögðum framkvæmdaraðila kemur einnig fram að til standi að setja ákveðin hæðarmörk innan Jósefsdals til að koma í veg fyrir brekkuklifur torfæruhjólamanna, en þó yrði leyfilegt að setja upp eina braut á afmörkuðu svæði í dalnum. Ekki kemur fram hver hæðarmörkin eru.

Umhverfisstofnun bendir á að endurobraut er áætluð inni á svæði á náttúruminjaskrá nr. 753, Eldborgir við Lambafell, og raskar þar með svæðinu. Í fyrri umsögn benti stofnunin á að áður en framkvæmt er inni á svæðum á náttúruminjaskrá þarf áætlun um framkvæmdir að koma til umsagnar hjá Umhverfisstofnun skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun bendir auk þess á margfaldan slóða sem vélhjól hafa myndað sem liggja úr Jósefsdal í austur og enda suður af Eldborg við Lambafell. Þær brautir raska hrauni á svæði á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun er telur enn að loftmynd með uppdrætti af endurobrautum hefði átt að sýna alla slóða sem þegar hafa verið gerðir, þá hefði verið hægt að skoða hvort áætlaðar brautir muni falla í þegar gerðar brautir og koma þannig í veg fyrir óþarfa rask.

Virðingarfyllt

Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur